

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/887

2024/EES/85/13

frá 22. mars 2024

um breytingu á IV., VIII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar fôðrun dýra, setningu á markað og innflutning inn í Sambandið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrömunar ⁽¹⁾, einkum inngangsorðum m-liðar 23. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svamp heilakvilla (áður þýtt sem „smitandi heilahrömunarsjúkdómar“) í dýrum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.
- 2) Í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um bann varðandi fôðrun dýra sem sértækar reglur eru settar um í IV. viðauka við þá reglugerð. Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 ⁽²⁾ til að leyfa notkun á unnu dýraprótni úr skordýrum, alifuglum og svinum og á fôðurlöndum sem innihalda slíkt unnið dýraprótn til að fôðra svín og alifugla. Hins vegar virðist sem d-, e- og f-lið hafi fyrir mistök verið bætt við í 1. lið B-þáttar í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Ákvæði 1. liðar hefðu áfram átt að takmarkast við skilyrðin fyrir framleiðslu á fôðurlöndum sem innihalda fôðurefni sem eru leyfð til fôðrunar fyrir alidýr sem eru ekki jörturdýr með tilliti til þess að sértæk skilyrði, ef um er að ræða notkun á öðrum fôðurefnum, eru sett fram í viðeigandi þáttum IV. kafla þess viðauka. Þetta leiddi í ógáti einnig til þess að einhverjar af skráningarskuldbindingum aðildarríkjanna sem eru settar fram í V. kafla voru tvíteknar. Því ætti að gera ýmsar viðeigandi leiðréttingar á B-þætti III. kafla, H-þætti IV. kafla og A-þætti V. kafla í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Því ætti að leiðrétta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 3) Auk þess voru innleiddar sértækar kröfur með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽³⁾, eins og henni var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 ⁽⁴⁾, um opinbert eftirlit í áburðarvinnsluverksmiðjum til að ákvarða endapunkta fyrir tiltekinn áburð og tiltekna jarðvegsbæta en eftir þá má setja þessar vörur á markað án frekari dýraheilbrigðiseftirlits. Þetta ætti að endurspeglast í skilyrðunum, sem varða útflutning á lífrænum áburði og jarðvegsbætum sem innihalda unnið dýraprótn úr jörturdýrum, sem sett eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Því ætti að breyta E-þætti V. kafla þess viðauka til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/887, 25.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 frá 17. ágúst 2021 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar bannið við því að fôðra alidýr sem ekki eru jörturdýr, önnur en loðdýr, á prótnum úr dýrum (Stjtið. ESB L 295, 18.8.2021, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtið ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 frá 22. maí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 að því er varðar ákvörðun á endapunktum í framleiðsluferli tiltekins lífræns áburðar og tiltekinna jarðvegsbæta

- 4) Enn fremur eru í VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 settar fram ítarlegar kröfur sem varða setningu á markað og innflutning inn í Sambandið á m.a. sauðfé og geitum og afurðum sem eru unnar úr þessum tegundum.
- 5) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 ⁽⁵⁾, er mælt fyrir um umbreytingarskilyrði í liðum 1.2 og 1.3 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 sem var ætlað að tryggja snurðulausa umbreytingu á sjö ára tímabili frá 1. janúar 2014 til 1. janúar 2021. Nú þykir rétt að fella þessi umbreytingarskilyrði brott.
- 6) Auk þess er vísað til tilskipunar ráðsins 92/65/EBE ⁽⁶⁾ í liðum 1.2, 1.3 og 4.1 í A-þætti kafla A í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Þar eð tilskipun 92/65/EBE var felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 ⁽⁷⁾ frá og með 21. apríl 2021 ætti að uppfæra þessar tilvísanir.
- 7) Ákvæðum I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/772 ⁽⁸⁾ til að taka tillit til tilmæla í vísindalegu álitu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 5. júlí 2017 um arfbundið þol gegn smitandi svampheilakvilla í geitum ⁽⁹⁾ í því skyni að viðurkenna að geitur geti einnig haft arfbundið þol gegn stofnum dæmigerðrar riðuveiki, sem vitað er að eru af náttúrunnar hendi í geitastofni Sambandsins, ef þær hafa genasamsæturnar K222, D146 eða S146. Með breytingunum sem gerðar voru á reglugerð (EB) nr. 999/2001 með reglugerð (ESB) 2020/772 voru þó skilyrðin sem gilda um geitur með arfbundið þol ekki samræmd að fullu við skilyrðin sem gilda um sauðfé með arfbundið þol, einkum að því er varðar ákvæðin um bú sem á að viðurkenna sem bú þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða þar sem henni er haldið í skefjum og kröfurnar vegna viðskipta innan Sambandsins með sæði og fósturvísu úr geitum, sem settar eru fram í VIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, og kröfurnar vegna innflutnings inn í Sambandið á mjólk og mjólkurafurðum úr geitum, geitum til undaneldis sem og sæði og fósturvísu úr geitum sem settar eru fram í IX. viðauka við þá reglugerð. Það virðist víðeigandi að ljúka þessari samræmingu til að stuðla að bestu mögulegu notkuninni á dýrum með arfbundið þol og kímefnum þeirra til að verjast dæmigerðri riðuveiki.
- 8) Því ætti að breyta og leiðrétta IV., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 999/2001

Ákvæðum IV., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við A-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 frá 28. júní 2013 um breytingu á viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar (Stjtið. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 60).

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/772 frá 11. júní 2020 um breytingu á I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla í geitum og búfjárkyrnjum í útrýmingarhættu (Stjtið. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 43).

2. gr.

Leiðréttingar á reglugerð (EB) nr. 999/2001

Ákvæði IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru leiðrétt í samræmi við B-hluta viðaukans við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

—

VIÐAUKI

A-HLUTI

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ (EB) nr. 999/2001

Ákvæðum IV., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í V. kafla IV. viðauka er E-þætti breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í b-lið 2. liðar kemur eftirfarandi:

„b) lífrænan áburð eða jarðvegsbæta, eins og skilgreint er í 22. lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem innihalda í samsetningu sinni unnið dýrprótín úr jörturdýrum eða blöndu af unnu dýrprótíni úr jörturdýrum og dýrum, sem ekki eru jörturdýr, að því tilskildu að þeir hafi náð endapunktinum, eins og skilgreint er í c-lið 1. liðar 4. gr. eða í 2. lið 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 (*), eða:

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1605 frá 22. maí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 að því er varðar ákvörðun á endapunktum í framleiðsluferli tiltekins lífræns áburðar og tiltekinna jarðvegsbæta (Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 1).“

b) Í 5. lið er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Lífrænn áburður eða jarðvegsbætur sem hefur náð endapunktinum, eins og skilgreint er í c-lið 1. liðar 4. gr. eða í 2. lið 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1605, skal undanþegin skilyrðunum sem eru sett fram í fyrstu málsgrein þessa liðar.“

2) Í A kafla VIII. viðauka er A-þætti breytt sem hér segir:

a) Í stað liða 1.2 og 1.3 kemur eftirfarandi:

„1.2. Viðurkenna má sauðfjárbú með I. stigs stöðu að því er varðar þol gegn smitandi svampheilakvilla, eins og mælt er fyrir um í a-lið 1. liðar í 4. hluta kafla C í VII. viðauka, og þar sem ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili, sem bú þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg.

Einnig má viðurkenna bú með sauðfé eða geitur eða sauðfé og geitur sem bú þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg, að því tilskildu að þau hafi uppfyllt eftirfarandi skilyrði á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili:

a) sauðfé og geitur eru varanlega auðkennd og haldnar eru skrár til að gera það kleift að rekja dýrin aftur til búsins þar sem þau fæddust,

b) haldnar eru skrár um tilflutning sauðfjár og geita til og frá búinu,

c) einungis er komið með eftirfarandi sauðfé og geitur inn á búíð:

i. sauðfé og geitur frá búum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg,

ii. sauðfé og geitur frá búum sem hafa uppfyllt skilyrðin, sem sett eru fram í a- til i-lið, á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili eða a.m.k. jafn lengi og búíð, þangað sem á að flytja dýrin, hefur uppfyllt þau skilyrði sem sett eru fram í þessum liðum,

iii. sauðfé af príónprótínarfgerð ARR/ARR og geitur með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða

- iv. sauðfé eða geitur sem uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í i. eða ii. lið, að undanskildu tímabilinu sem þeim var haldið í sæðissöfnunarstöð, að því tilskildu að sæðissöfnunarstöðin uppfylli eftirfarandi skilyrði:
- sæðissöfnunarstöðin er samþykkt í samræmi við 1. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/685 (*).
 - á undanfarandi sjö ára tímabili hefur einungis verið komið með sauðfé og geitur inn á sæðissöfnunarstöðina frá búum sem uppfylltu, á því tímabili, þau skilyrði sem sett eru fram í a-, b- og e-lið og voru undir reglubundnu eftirliti opinbers dýralæknis eða dýralæknis með leyfi frá lögbæru yfirvaldi,
 - ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest á sæðissöfnunarstöðinni á undanfarandi sjö ára tímabili,
 - smitvarnir eru til staðar í sæðissöfnunarstöðinni til að tryggja að sauðfé og geitur, sem haldið er í þessari stöð og koma frá búum sem hafa þá stöðu að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, komist hvorki í beina né óbeina snertingu við sauðfé eða geitur sem koma frá búum þar sem staðan, að því er varðar dæmigerða riðuveiki, er lakari,
- d) opinber dýralæknir eða dýralæknir, sem hefur til þess leyfi frá lögbæru yfirvaldi, framkvæmir reglulegar skoðanir á búinu til að staðfesta að farið sé að skilyrðum a- til i-liðar og skulu þær fara fram a.m.k. einu sinni á ári,
- e) ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest,
- f) allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða, sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til manneldis, er prófað á rannsóknarstofu með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka.
- Þrátt fyrir þetta sértæka skilyrði geta aðildarríkin ákveðið að opinber dýralæknir skoði allt sauðfé og geitur eldri en 18 mánaða, sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og er fargað þegar afurðaskeiði þeirra lýkur í stað þess að vera slátrað til manneldis, og að öll dýr, sem sýna merki um vanþrif eða taugafræðileg einkenni, séu prófuð með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki á rannsóknarstofu í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka.
- g) einungis er komið með eftirfarandi egg og fósturvísa úr sauðfé og geitum inn á búíð:
- i. egg og fósturvísa úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á búi þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til búsins þar sem þau fæddust,
 - þau hafa verið haldin frá fæðingu á búum þar sem ekki var staðfest neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki meðan þau dvöldu þar,
 - þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun eggja eða fósturvísa fór fram,
 - ii. egg og fósturvísa úr sauðfé með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og úr geitum með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146,
- h) einungis er komið með eftirfarandi sæði úr sauðfé eða geitum inn á búíð:
- i. sæði úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á búi þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er

- þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til búsinna þar sem þau fæddust,
 - þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun sæðisins fór fram,
- ii. sæði úr hrútum af príónprótínarfgerð ARR/ARR og úr geithöfnum með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146,
- i) sauðfé og geitur á búinu komast hvorki í beina né óbeina snertingu við sauðfé og geitur frá búum með lakari stöðu, að því er varðar dæmigerða riðuveiki, þ.m.t. við sameiginlega beit.
- 1.3. Bú með sauðfé eða geitur eða sauðfé og geitur getur verið viðurkennt sem bú þar sem áhættu í tengslum við dæmigerða riðuveiki er haldið í skefjum, að því tilskildu að það hafi uppfyllt eftirfarandi skilyrði á a.m.k. undanfarandi þriggja ára tímabili:
- a) sauðfé og geitur eru varanlega auðkennd og haldnar eru skrár til að gera það kleift að rekja dýrin aftur til búsinna þar sem þau fæddust,
- b) haldnar eru skrár um tilflutning sauðfjár og geita til og frá búinu,
- c) einungis er komið með eftirfarandi sauðfé og geitur inn á búid:
- i. sauðfé og geitur frá búum þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum,
- ii. sauðfé og geitur frá búum sem hafa uppfyllt skilyrðin, sem sett eru fram í a- til i-lið, á a.m.k. undanfarandi þriggja ára tímabili, eða a.m.k. jafn lengi og búid, þangað sem á að flytja dýrin, hefur uppfyllt þau skilyrði sem sett eru fram í þessum liðum,
- iii. sauðfé af príónprótínarfgerð ARR/ARR og geitur með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146,
- iv. sauðfé eða geitur sem uppfylla skilyrðin, sem sett eru fram í i. eða ii. lið, að undanskildu tímabilinu sem þeim var haldið í sæðissöfnunarstöð, að því tilskildu að sæðissöfnunarstöðin uppfylli eftirfarandi skilyrði:
- sæðissöfnunarstöðin er samþykkt í samræmi við 1. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/685.
 - á undanfarandi þriggja ára tímabili hefur einungis verið komið með sauðfé og geitur inn á sæðissöfnunarstöðina frá búum sem uppfylltu, á því tímabili, þau skilyrði sem sett eru fram í a-, b- og e-lið og voru undir reglubundnu eftirliti opinbers dýralæknis eða dýralæknis með leyfi frá lögbæru yfirvaldi,
 - ekkert tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest á sæðissöfnunarstöðinni á undanfarandi þriggja ára tímabili,
 - smitvarnir eru til staðar í sæðissöfnunarstöðinni til að tryggja að sauðfé og geitur, sem haldið er í þessari stöð og koma frá búum sem hafa þá stöðu að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, komist hvorki í beina né óbeina snertingu við sauðfé eða geitur sem koma frá búum þar sem staðan, að því er varðar dæmigerða riðuveiki, er lakari,
- d) opinber dýralæknir eða dýralæknir, sem hefur til þess leyfi frá lögbæru yfirvaldi, framkvæmir reglulegar skoðanir á búinu til að staðfesta að farið sé að skilyrðum a- til i-liðar og skulu þær fara fram a.m.k. einu sinni á ári,

- f) allt sauðfé og allar geitur eldri en 18 mánaða, sem hafa drepist eða verið aflífuð af öðrum ástæðum en til slátrunar til mannelis, er prófað á rannsóknarstofu með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2 í kafla C í X. viðauka.

Þrátt fyrir þetta sértæka skilyrði geta aðildarríkin ákveðið að opinber dýralæknir skoði allt sauðfé og geitur eldri en 18 mánaða, sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og er fargað þegar afurðaskeiði þeirra lýkur í stað þess að vera slátrað til mannelis, og að öll dýr, sem sýna merki um vanþrif eða taugafræðileg einkenni, séu prófuð með tilliti til dæmigerðrar riðuveiki á rannsóknarstofu í samræmi við rannsóknarstofuaðferðir og aðferðarlýsingar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka,

- g) einungis er komið með eftirfarandi egg og fósturvísa úr sauðfé og geitum inn á búíð:

- i. egg og fósturvísa úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á búi þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til búsins þar sem þau fæddust,
- þau hafa verið haldin frá fæðingu á búum þar sem ekki var staðfest neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki meðan þau dvöldu þar,
- þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun eggja eða fósturvísa fór fram,

- ii. egg og fósturvísa úr sauðfé með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og úr geitum með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146,

- h) einungis er komið með eftirfarandi sæði úr sauðfé eða geitum inn á búíð:

- i. sæði úr gjafadýrum sem hafa verið haldin frá fæðingu í aðildarríki þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða á búi þar sem áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki er óveruleg eða henni er haldið í skefjum, eða sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- þau eru varanlega auðkennd til að hægt sé að rekja þau til búsins þar sem þau fæddust,
- þau sýndu engin klínísk einkenni um dæmigerða riðuveiki þegar söfnun sæðisins fór fram,

- ii. sæði úr hrútum af príónprótínarfgerð ARR/ARR og úr geithófrum með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146,

- i) sauðfé og geitur á búinu komast hvorki í beina né óbeina snertingu við sauðfé og geitur frá búum með lakari stöðu, að því er varðar dæmigerða riðuveiki, þ.m.t. við sameiginlega beit.

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kimefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kimefnum úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).“

- b) Í stað c-liðar í lið 4.1 kemur eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir a- og b-lið skulu kröfurnar sem settar eru fram í þessum liðum ekki gilda um sauðfé og geitur, sem er haldið á lokuðum starfsstöðvum og eingöngu flutt á milli þeirra, eins og skilgreint er í 48. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 (*).“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84,

c) Í stað d- og e-liðar í lið 4.2 kemur eftirfarandi:

- „d) ef um er að ræða sæði úr sauðfé, vera safnað úr karldýrum af prionprótínarfgerð ARR/ARR og ef um er að ræða sæði úr geitum, vera safnað úr geithöfnum sem eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146, eða
- e) ef um er að ræða fósturvísu úr sauðfé, vera með a.m.k. eina ARR-genasamsætu, ef um er að ræða fósturvísu úr geitum, vera með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146.“

3) Ákvæðum IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar í 3 lið B-þáttar í kafla D kemur eftirfarandi:

„c) að mjólk og mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum koma frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki a.m.k. undanfarin sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:

- i. allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og geitum sem eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146,

eða

- ii. öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð og geitum sem eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146:

— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og

— dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.“

b) Kafla E er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar í 5. lið kemur eftirfarandi:

„b) um er að ræða sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR eða geitur sem eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 og þau koma frá búi eða búum þar sem engar opinberar takmarkanir á tilflutningi hafa verið lagðar á vegna kúariðu eða dæmigerðrar riðuveiki undanfarin tvö ár eða“.

ii. Í stað b-liðar í 6. lið kemur eftirfarandi:

„b) um er að ræða sauðfé af prionprótínarfgerð ARR/ARR eða geitur sem eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 og þau koma frá búi þar sem engar opinberar takmarkanir á tilflutningi hafa verið lagðar á vegna kúariðu eða dæmigerðrar riðuveiki undanfarin tvö ár.“

c) Í stað a- og b-liðar í 2. lið kafla H kemur eftirfarandi:

„a) ef um er að ræða sæði úr sauðfé var sæðinu safnað úr hrútum af prionprótínarfgerð ARR/ARR og ef um er að ræða sæði úr geitum var sæðinu safnað úr geithöfnum sem eru með a.m.k. eina af genasamsætunum K222, D146 eða S146 eða

b) ef um er að ræða fósturvísu úr sauðfé eru fósturvísarnir með a.m.k. eina ARR-genasamsætu og ef um er að ræða

B-HLUTI

LEIÐRÉTTINGAR Á REGLUGERÐ (EB) NR. 999/2001

Ákvæði IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í III. kafla er B-þætti breytt sem hér segir:

a) Ákvæði d-, e- og f-liðar í 1. lið falla brott.

b) Í stað b-liðar í 3. lið kemur eftirfarandi:

„b) þeir skulu einungis halda dýr sem ekki eru jörturdýr.“

2) Í stað síðasta undirliðar d-liðar í H-þætti IV. kafla kemur eftirfarandi:

„— reglubundin sýnataka og greining á fôðurlöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en svínunum, lagareldisdýrum og loðdýrum skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fôðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.“

3) Í stað i. liðar í 1. lið A-þáttar V. kafla kemur eftirfarandi:

„i. leyfðar starfsstöðvar fyrir fôðurlöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við B-þátt III. kafla, fôðurlöndur sem innihalda fiskimjöl, tvíkalsíumfosfat og þrikalsíumfosfat úr dýraríkinu og blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jörturdýr.“